

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Innra mat skólans 2019-2020



Hugröckku ❤️ er ekkert ómögulegt



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
Einkunnarorð skólans eru:	3
2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats.....	4
3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats	5
3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	5
3.2 Olweus	5
3.3 Samræmd próf.....	5
3.4 Bættur námsárangur	5
3.5 Ungt fólk, krakkarnir í hverfinu - nemendakönnun	
4. Niðurstöður sjálfsmats	7
4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	7
4.2. Olweus	16
4.3. Samræmd próf.....	24
4.4. Bættur námsárangur	28
4.5. Mat kennara á skólastarfinu	29
5. Lokaorð	30
6. Fylgiskjöl.....	32
6.1. Fylgiskjal 1.....	32
6.2. Fylgiskjal 2.....	33
6.3. Fylgiskjal 3.....	34

1. Inngangur

Grunnskóli Reyðarfjarðar er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Auk þess er boðið upp á lengda viðveru fyrir nemendum 1. – 4. bekkjar í Skólaseli, að skóla loknum. Ásta Ásgeirsdóttir er skólastjóri, Dána Ívarsdóttir aðstoðarskólastjóri og Hildur Magnúsdóttir deildarstjóri sérkennslu í 75% starfi. Við skólann störfuðu 25 starfsmenn við kennslu, sex stuðningsfulltrúar, þrír starfsmenn í Skólaseli og þrír skólaliðar auk húsvarðar og ritara í 50% starfi. Forstöðumaður bókasafnsins starfar einnig við skólann í 50 % starfi. Einn kennari sinnti starfi námsráðgjafi í 50 % starfshlutfalli. Nemendur síðasta vetur voru 205.

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni og samofinn sögu hennar. Núverandi skólahúsnæðið er að hluta til í nýju húsnæði sem tekið var í notkun haustið 2006. Í skólanum er góður hátíðarsalur, bókasafn sem einnig gegnir hlutverki bæjarbókasafns og tónlistarskóli Reyðarfjarðar. Ofan við skólann er stór skólalóð og íþróttahús með sundlaug rétt við skólahúsið. Auk þess er íþróttahöll Fjarðabyggðar steinsnar frá. Lögð er áhersla á list- og verkgreinar í Grunnskóla Reyðarfjarðar og leitast við að hafa þær greinar stóran þátt í vali á unglingastigi.

Í janúar 2015 var undirrituðu skólastjórnendur samning um bættan námsárangur nemenda í fjórðungnum og hefur verið unnið markvisst að því síðan. Því verkefni lauk nú á vordögum 2020.

Einkunnarorð skólans eru:

Hugrökku  er ekkert ómögulegt



2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats		
Tími:	Þetta var gert:	Þátttakendur:
Ágúst	Punktur síðasta árs lagðir fyrir kennarafund á starfsdögum. Unnið var úr niðurstöðum og ný verkáætlun samin.	Matshópur Kennarar Sjá fylgiskjal 6.1.
Sept.	Unnið að undirbúningi fyrir samræmd próf í 4. og 7. bekk. Unnið að öðrum skimunum samkvæmt skimunaráætlun. .	Matshópur Umsjónarkennarar Sérkennarar
Okt.	Skólapúlsinn lagður fyrir.	Skólapúlsinn/Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
Nóv.	Niðurstöður októberkönnunar Skólapúlsins skoðaðar og greindar. Unnin kynning fyrir starfsfólk og foreldra. Borið saman við aðgerðaáætlun síðasta árs. Unnin aðgerðaáætlun í samræmi við niðurstöður. Farið yfir skimanir haustannar og þær bornar saman við niðurstöður síðasta árs.	Matshópur
Des.	Nýjar niðurstöður samræmda prófa bornar saman við fyrri niðurstöður. Fara yfir starf vetrarins fram til þessa og áætlun vorannar endurmetin.	Kennarar Aðstoðarskólastjóri
Janúar	Rýnt í niðurstöður Olweusar.	Matshópur
Febrúar	Niðurstöður Olweusarkönnunar kynntar fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki. Útbúin aðgerðaáætlun.	Matshópur Umsjónarkennarar
Mars	Samræmd próf í 9. bekk Rýnt í niðurstöður foreldrakönnunar. Unnið að skýrslu vetrarins.	Matshópur
Apríl	Nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir.	Skólapúlsinn/Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
Maí	Niðurstöður samræmdra próf í 9. bekk greindar. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins greindar. Unnin kynning fyrir nemendum, foreldra og starfsfólk. Greinagerð samin fyrir heimasíðu. Lagðar fyrir kannanir vegna teymiskennslu. Unnið að skýrslu vetrarins.	Matshópur

3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats

Við sjálfsmat Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2019 – 2020 var stuðst við eftirfarandi matstæki:

3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk svara þar spurningum um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og um skóla- og bekkjaranda. Helmingur nemendahópsins svarar spurningalistum í október. Hinn helmingur hópsins svarar samskonar spurningum í apríl. Þannig má fylgjast með líðan og virkni nemenda það skólaárið auk þess sem bera má niðurstöðurnar saman við niðurstöður annarra skóla í landinu sem notast einnig við Skólapúlsinn.

3.2 Olweus

Könnun um einelti var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í desember, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

3.3 Samræmd próf

Samræmd próf eru árlega lögð fyrir nemendur 4., 7. og 9. bekkjar í íslensku og stærðfræði auk þess sem nemendur 9. bekkjar taka samræmt próf í ensku. Próf 4. og 7. bekkjar eru lögð fyrir að hausti en 9. bekkjar að vori.

3.4 Bættur námsárangur

Líkt og kom fram hér á undan er unnið eftir samningi sem skólastjórnendur á Austurlandi gerðu með sér í janúar 2015 þar sem stefnt er að bættum námsárangri nemenda í fjórðungnum. Áhersla er lögð á stærðfræði og íslensku. Til að meta framfarir í þessum námsgreinum eru lögð eru fyrir nemendur ýmis próf líkt og kemur fram í skimunaráætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar sem fylgir hér með sem viðauki. (Sjá fylgiskjal 6.2)

Hér má finna skýrslu um Bættan námsárangur 2015 - 2020

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/2019-2020/niðurstodur-fra-skolaskrifstofu-2020>

3.5 Ungt fólk, Krakkarnir í hverfinu

Könnun lögð fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í febrúar 2020. 54 nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar svöruðu könnuninni eða 90% nemenda. Svarhlutfall á landsvísi var 85%. Rannsóknir og greining halda utan um fyrirlögn og úrvinnslu könnunarinnar.

Áhyggjur hafa verið af aukinni vanlíðan og áhættuhegðun unglunga í Grunnskóla Reyðarfjarðar og mikil vinna verið lögð í að vinna með málefni nemenda.

Eins hefur það vakið athygli hversu margir nemendur stunda ekki íþróttir/líkamsrækt eða sækja skipulagt starf í félagsmiðstöð.

Hvað er til ráða?

Nemendur hræðast stóran hóp nemenda í 9. og 10. bekk ca. 1/3, kemur til með að lagast mikið þegar 10. bekkur útskrifast.

Aðbúnaður í Zveskjunni er ekki góður og eins starfið sem er unnið.

Íþróttahúsið er ófullnægjandi.

Hér má finna niðurstöður könnunarinnar fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/2019-2020/Ungtfolk>

Hér má finna niðurstöður könnunarinnar fyrir Fjarðabyggd

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/2019-2020/Ungtfolkfjardabyggd>


4. Niðurstöður sjálfsmats

4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun


Skólapúlsinn veturinn 2019-2020

Nemendakönnun er lög fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar tvisvar á skólaárinu. Í fyrsta skipti í vetur var fjöldi nemenda á á þessu aldursbili svo fjölmennur að samkvæmt tilmælum Skólapúlsins var hópnum skipt í tvennt. Annar hluti tók könnunina í október en hinn í apríl. Það eru því ekki sömu nemendur sem taka könnunina tvisvar á ári líkt og verið hefur.

Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar hafa meiri ánægju af lestri en meðaltal Skólapúlsins segir til um.




Bæði drengir og stúlkur í Grunnskóla Reyðarfjarðar virðast hafa meiri ánægju af lestri en jafnaldrar þeirra.




Þrautseigja í námi hefur dalað síðan á síðasta ári og er mikilvægt að fylgjast vel með þeirri þróun. Yngri nemendur sýna meiri þrautseigju en þeir eldri og vert að kanna betur


hvað orsaki þá niðurstöðu. Í spurningum sem mynda matsþátt kemur fram að nemendur segjast halda áfram að læra þrátt fyrir að efnið sé erfitt.




Áhugi á stærðfræði hefur minnkað hjá báðum kynjum.




Áhugi á náttúrufræði hefur aukist hjá stelpunum.




Í fyrra kom fram í könnun Skólapúlsins að trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi væri að aukast. Með vinnubrögðum í námi er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og athöfnum að því að uppfylla eigin námsmarkmið. Í könnunum síðasta vetrar kemur fram að trú nemenda hefur minnkað aftur.




Líkt og í fyrra hafa drengirnir meiri trú á eigin vinnubrögð í námi en stúlkur og virðist trú beggja kynja minnka milli ára. Það er umhugsunarefni og vert að ígrunda þá niðurstöðu nánar næsta vetur.




Trú nemenda á eigin námsgetu er hins vegar að dala og hefur minnkað frá því í fyrra. Með þessum mælipætti er vísað til trúar nemandans á því að hann geti klárað tiltekið námstengt viðfangsefni s.s. náð prófum, sýnt tiltekna hæfni eða uppfyllt önnur námsmarkmið. Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli ríkrar trúar á eigin námsgetu og framfara í námi og eins á milli lágrar trúar á eigin námsgetu og lítilla framfara.



Þar hafa stúlkurnar okkar líka minni trú en drengirnir á eigin getu og hefur trú beggja hópa minnkað frá því í fyrra.




Enn kemur vísbending um að sjálfsmynd drengja sé sterkari en stúlkna í matsþættinum sjálfsálit. Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hve mikils virði nemandanum finnst hann vera.




Drengjum þykja þeir einnig hafa meiri stjórn á eigin lífi og hefur sú trú þeirra aukist. Bilið milli kynjanna hefur breikkað frá því í fyrra og finnst stúlkunum þær hafa minni stjórn á eigin lífi frá mælingum síðasta árs. Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Þær geta annað hvort verið af hans eigin völdum eða annarra t.d. umhverfisins eða annars fólks. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem gefa til kynna að þeir hafi mikla stjórn á eigin lífi eru líklegri til að leggja mikið á sig til að ná góðum árangri, vera þolinmóðari í að bíða eftir árangri sem ekki sést strax og setja sér langtíamarkmið.

2.2. Stjórn á eigin lífi – Kyn




Sá þáttur sem veldur okkur mestum áhyggjum er matsþátturinn vellíðan en með þessum matskvarða er verið að mæla tilfinningar nemenda, bæði jákvæðar og neikvæðar.

2.3. Vellíðan – Ársmeðaltöl




Það kemur þó fram að vellíðan nemenda eykst frá hausti og fram á vor.

2.3. Vellíðan – Innan skólaárs




Í könnuninni kemur fram að stúlkum líður verr en drengjum.

2.3. Vellíðan – Kyn




Í spurningum sem mynda matsþáttinn kemur í ljós að nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar finna oftar fyrir depurð en landsmeðaltal segir til um.

2.3.3 Dapur/Döpur*




Einelti greinist frekar meðal stúlkna en drengja.

2.6. Tíðni eineltis – Kyn




Einelti hefur aðeins minnkað miðað við síðastu ár.

2.6. Tíðni eineltis – Ársmeðaltöl



Mun færri af þeim sem svara að vori segjast verða fyrir einelti en þeim sem svara um haustið.


2.6. Tíðni eineltis – Innan skólaárs



Þrír nemendur segja einelti eiga sér stað í íþróttatímum, þrír í búningssklefum, tveir í hádegisstund, tíu í frímínútum innandyr, sex í kennslustundum, sex í frímínútum á skólalóð og þrír á netinu eða gsm. Fimm nemendur segja eineltið eiga sér stað annarsstaðar.


Í spurningaþættinum samsömun við nemendahópinn eru dregin saman viðhorf nemenda til skólans, metin að hve miklu leyti nemendum þykir þeir tilheyra skólanum, að skólinn sé staður sem þeim líði vel. Í niðurstöðum sést að drengjum þykja þeir tilheyra skólanum frekar en stúlkur.

3.1. Samsömun við nemendahópinn – Kyn




Spurt er um samband nemenda við kennara en jákvætt samband er talið eitt af mikilvægum þáttum í uppbyggingu á góðum skóla- og bekkjaranda. Í PISA rannsókninni hefur jákvæður skóla- og bekkjarandi verið skilgreindur m.a. út frá þeim stuðningi sem nemendur fá frá kennurum, þeim aga og vinnufriði sem ríkir í tímum og sambandi nemenda við kennara. Niðurstöður PISA 2000 benda til þess að lesskilningur nemenda sé meiri í skólum þar sem jákvæður skóla- og bekkjarandi ríkir. Niðurstöður könnunarinnar sýna að samband nemenda við kennara í Grunnskóla Reyðarfjarðar hefur dalað frá því í fyrra. Þá niðurstöðu þarf að ígrunda vel.

3.2. Samband nemenda við kennara – Ársmeðaltöl




Agi í tímum er enn af þeim þáttum sem endurspeglar vel þann vinnuanda sem ríkir í skólanum. Agi er mikilvæg foresenda fyrir virkni og árangursríkri tímastjórnun og


nýtingu á kennslutímanum. Í PISA hefur komið í ljós að jákvæð tengsl eru milli aga í tímum og námsárangurs. Þar kemur einnig í ljós að agi í íslenskum skólum er á heildina litið minni en gengur og gerist að meðaltali í OECD ríkjunum. Í skólanum okkar þykja nemendum kennarar þurfa að bíða lengi eftir að geta hafið kennslu,



og of mörgum nemendum finnst þeir ekki ná að vinna nógu vel í tímum vegna truflunar.




Í sumum tímum hlusta nemendur ekki á það sem kennarinn segir.




Að mati nemenda er hávaði og óróleiki í sumum tímum mikill og truflandi.

3.3.5 Það er hávaði og óróleiki.



Hins vegar er virkni og þátttaka nemenda í tímum mikil en þessi matspáttur gefur til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í hópumræðum og æfingar í að færa rök fyrir máli sínu geta hjálpað nemendum að festa í sessi þá þekkingu, færni og viðhorf sem þeir hafa tileinkað sér með náminu.

3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Kyn



Í opnum svörum nemenda kemur fram að það sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann sinn nefna þeir m.a. góðir kennarar, námsgreinar og skemmtilegt námsefni, vinna í tölvum, frímínútur, höllin, skemmtilegir krakkar, hvað það eru margir frá öðrum löndum og að allir eru vinir. Eins nefna þau matinn í skólanum, ávaxtanestið, skólalóðina, félagslífið, skemmtilega afþreyingu í frímínútum, góðan anda, þemanám á unglingastigi, og smíðjurnar á miðstigi.

Það sem þeim finnst að megi laga er læti í matsalnum og í kennslustundum, einelti og erfiðleikar í samskiptum, maturinn í mötuneytinu, of mikið heimanám og símalaus skóli. Eins kvarta sumir undan starfsfólki skólans og námsgreinum sem þeim þykja leiðinlegar.

4.2. Olweus


Niðurstöður Olweusar. Könnun lögð fyrir 5. – 10. bekk, tekin í nóvember 2019.

Þegar könnunin er lögð fyrir nemendur er byrjað á því að skilgreina hvað felst í hugtakinu einelti. Nemendur virðast þó eiga erfitt með að greina á milli eineltis og stríðni eða tímabundinna samskiptaerfiðleika við félag. Þrátt fyrir að það sé ítrekað að þau horfi aðeins til þess tíma sem liðinn er af þessu skólaári vilja nemendur, sérstaklega þeir yngri,


rifja upp atburði frá liðnum árum. Vegna þessa er oft erfitt að greina raunverulega tíðni eineltis. Þrátt fyrir það eru þessar niðurstöður mikilvægt verkfæri fyrir kennara að ígrunda með sínum nemendahópi.

Fyrsta myndin sýnir hversu margir segjast hafa orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári. Spurningin er: Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði? Þar kemur fram að fjórar stúlkur og einn drengur segjast hafa orðið fyrir einelti í skólanum. Þessi mynd sýnir hvernig svör raðast eftir árgöngum.


Nemendur sem hafa orðið fyrir einelti 2-3 skipti í mánuði eða oftar.



Þegar spurt er um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti með meiðandi orðum eða athuga-semdum um húðlit eða erlendan uppruna svar 2 stúlkur að það gerist oft í viku. Einn drengur að það gerist einu sinni í viku, ein stúlka og einn drengur að það gerist 2 – 3 sinnum í mánuði og fjórar stúlkur og fjórir drengir að það gerist mjög sjaldan.




Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir óttast að verða lagðir í einelti af samnemendum sínum segjast tólf stúlkur og tólf drengir óttast það einstaka sinnum, fimm stúlkur og fjórir drengir öðru hverju og þrjár stúlkur og einn drengur fremur oft. Einn drengur segjast oft óttast það að verða fyrir einelti og þrjár stúlkur og einn drengur mjög oft.



Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir hafa sjálfir tekið þátt í að leggja nemendur í einelti undanfarna mánuði segjast tvær stúlkur og sjö drengir að það hafi gerst bara einstaka sinnum. Aðrir nemendur kannast ekki við að hafa tekið þátt í að leggja aðra í einelti.


Tvær stúlkur svarar því til að þær eigi engan vin eða vinkonu í skólanum. Fjórar stúlkur og tveir drengir segjast eiga eina góða vinkonu eða vin en aðrir nemendur sem svara þessari spurningu eiga tvo vini eða fleiri.



Það er mikilvægt að segja frá líði manni illa. Þess vegna er spurning þess efnis lögð fyrir nemendur til að kanna hvort þau kjósi frekar að segja ekki frá vanlíðan sinni.


Í niðurstöðunum kemur fram að nemendur kjósa að segja umsjónarkennara eða öðrum fullorðnum í skólanum frá, foreldri eða vini.

Samkennd er dyggð sem við viljum að nemendur okkar nái að tileinka sér. Þess vegna er mikilvægt að sjá hvernig þeir hugsa sér að bregðast við sjái þau að einhverjum líði illa eða verði fyrir einelti.




Langflestir segjast vorkenna viðkomandi og vilja koma til aðstoðar. Þremur stúlkum og fjórum drengjum er hálfpartinn saman þegar þau sjá einhvern lagðan í einelti. Tveimur drengjum finnst hún eða hann eiga það skilið.

Tveir drengir segist geta hugsað sér að taka þátt í að leggja nemanda sem hann kann ekki vel við í einelti, enginn nemandi segjist þó kannski vera til í það og þrjár stúlkur og fimm drengir eru ekki viss um hvaða afstöðu þau tækju. Lang flestir sem svara segjast þó alls ekki geta hugsað sér að taka þátt í að leggja annan nemanda í einelti.




Í könnuninni eru nemendur spurðir um hversu oft kennarar eða aðrir fullorðnir í skólanum reyna að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum. Nemendur þurfa oft að fá aðstoð við þessa spurningu og er það kannski ekkert undarlegt að svo sé. Fullorðna fólkið í skólanum tilkynnir sjaldnast fyrirfram að verið sé að vinna gegn einelti eða andfélagslegri hegðun. Ef nemendur eru spurðir hvort haldnir séu bekkjarfundir, hvort kennarar ræði við nemendur um framkomu og samskipti eiga nemendur auðveldara með að taka afstöðu til hvort unnið sé gegn einelti í skólanum.


Fimm stúlkur og sjö drengir segja að kennarar eða aðrir fullorðnir geri aldrei neitt til að stöðva einelti, níu stúlkur og þrír drengir segja einstaka sinnum og ellefu stúlkur og sex drengir öðru hverju. Mun fleiri drengir en stúlkur hafa trú á að fullorðnir í skólanum vinni gegn einelti.




Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft aðrir nemendur geri eitthvað til að stöðva einelti eru það líka fleiri stúlkur en drengir sem bera ekki mikið traust til samnemenda sinna. Ellefu stúlkur og þrír drengir segja aðra nemendur gera næstu aldrei neitt, átta stúlkur og átta drengir einstaka sinnum og sextán stúlkur og átta drengir öðru hverju.



Spurningunni um það hversu oft heimilið hafi haft samband við skólann til að stöðva eineltið svara fjórar stúlkur og einn drengur. Ein stúlka segir að einu sinni hafi verið haft samband og ein stúlka segir að oft hafi verið haft samband við skólann til að stöðva einelti.



Mun fleiri drengjum en stúlkum líður vel eða mjög vel í skólanum. Tveimur stúlkum líður mjög illa en sex stúlkum og tveimur drengjum líður illa og sextán stúlkum og sex drengjum líður hvorki vel né illa



Niðurstöðum Olweusar ber saman við niðurstöður Skólapúlsins. Það eru fleiri stúlkur en drengir sem svara því til að þeim líði illa í skólanum.

Vorið 2017 fengum við Kolbrúnu Baldursdóttur sálfræðing til okkar í heimsókn og fór hún yfir verkferla okkar varðandi meðferð eineltismála. Í kjölfarið settum við upp skýrari verkferla við úrvinnslu eineltismála. Felast þeir í því að skipað var eineltisteymi sem í sitja námsráðgjafi skólans, deildarstjóri sérkennslu og aðstoðarskólustjóri. Komi upp eineltismál er þeim vísað til eineltisteymis til frekari úrvinnslu. Tilvísunin þarf að vera skrifleg og undirrituð. Aðilar eineltis eru síðan kallaðir í viðtöl, fyrst hver í sínu lagi en síðan saman. Tekin eru viðtöl með stuttu millibili þar til málin leysast. Sé máli lokið að mati málsaðila eru málalok undirrituð af þeim sem tilkynnti um málið í upphafi. Foreldrar eru vel upplýstir á meðan á vinnslu mála stendur.

Síðasta vetur komu þrjú mál til eineltisteymis og voru þau öll leyst fyrir skólalok. Þó þarf að fara yfir þau næsta haust til að tryggja að allir séu sáttir.

Hér kemur yfirlit yfir niðurstöður Olweusar könnunarinnar síðustu fimm ára.

Fjöldi þátttakenda

	2015	2016	2017	2018	2019
stelpur	44	39	39	54	58
strákar	61	40	57	61	55
heild	93	88	96	115	113

Mér líkar illa að vera í skólanum

stelpur	4	1	4	7	8
strákar	0	0	2	1	2

Ég á engan vin í skólanum

stelpur	2	1	1	0	2
strákar	2	1	0	0	0

Ég hef orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni í viku eða oft

stelpur	3	1	2	2	2
strákar	3	1	2	1	1

Gerðir eineltis eru útilokun og baktal

Hvar fer eineltið fram?

	2015	2016	2017	2018	2019
á skólalóðinni	11	4	10	4	6
á göngunum	5	3	5	5	10
í kennslustofu	7	2	2	3	6
Í kennslust. án kennara	2	4	2	4	2
á klósettinu	1	0	1	0	1
í leikfimissalnum	0	1	1	1	3
í búningaskl. /sturtu	3	4	1	1	3
í sundi	0	0	1	1	1
í búningssklefa í sundi	1	2	2	1	2
í matsalnum	2	1	4	4	2
á leið úr og í skóla	5	3	5	0	3
bið eftir að vera sótt	1	0	1	0	0
annars staðar	7	3	3	1	5

Hvað hugsar þú sjáir þú nemanda verða fyrir einelti?

	2015	2016	2017	2018	2019
Hann/hún á það líklega skilið	2	0	2	0	2
Mér er hálfpartinn sama	3	2	2	5	7

Hve oft hefur þú tekið þátt í að leggja í einelti?


	2015	2016	2017	2018	2019
Það hefur einstaka sinnum gerst	7	4	5	7	9
Oftar en einstaka sinnum	1	1	0	0	1
Oft í viku	0	0	0	0	0

4.3. Samræmd próf**4. bekkur**

Nemendur fjórða bekkjar tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði í lok september 2019. Hér eru raðeinkunnir nemenda.

Raðeinkunnir


Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	20	5	25,0%	13	65,0%	2	10,0%
	Lestur	20	7	35,0%	12	60,0%	1	5,0%
Stærðfræði	Heild	21	4	19,1%	11	52,4%	6	28,6%
	Reikningur og aðgerðir	21	4	19,1%	14	66,7%	3	14,3%



7. bekkur


Nemendur sjöunda bekkjar tóku einnig samræmd próf í lok september 2019. Hér eru raðeinkunnir nemenda.

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	13	2	15,4%	8	61,5%	3	23,1%
	Lestur	13	3	23,1%	7	53,9%	3	23,1%
Stærðfræði	Heild	13	0	0,0%	9	69,2%	4	30,8%
	Reikningur og aðgerðir	13	2	15,4%	7	53,9%	4	30,8%




9. bekkur


Nemendur 9. bekkjar tóku samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku.




Hæfnieinkunnahlutföll
Íslenskuhluti
9. árgangur
Grunnskóli Reyðarfjarðar, mars 2020



Hæfnieinkunnahlutföll
Stærðfræðihluti
9. árgangur
Grunnskóli Reyðarfjarðar, mars 2020



Hæfnieinkunnahlutföll
Enskuhluti
9. árgangur
Grunnskóli Reyðarfjarðar, mars 2020



4.4. Bættur námsárangur

Þann 16. janúar 2015 skrifuðu skólastjórnendur á Austurlandi undir samning þess efnis að stefnt væri að bættum námsárangri nemenda í grunnskólum á Austurlandi. Síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að bæta námsárangur nemenda og fylgjast með hvernig til hefur tekist. (Sjá fylgiskjal 3) Almennt má segja að vel hafi tekist að finna eftir þessari áætlun. Unnið er eftir læsis- og stærðfræðistefnum Grunnskóla Reyðarfjarðar. Auk þess hefur verið unnið markvisst að því að tengja hæfniviðmið Aðalnámskrár við nám og störf nemenda og fer allt námsmat fram í Mentor út frá hæfniviðmiðum.

Við mælingar á bættum námsárangri er stuðst við skimanir bæði á stærðfræði og lestri.

Talnalykill

Hér má sjá niðurstöður úr skimunum Talnalykils frá 2014. Sama próf er lagt fyrir að hausti og vori.

Talnalykill í 3. bekk - niðurstaða árganga

	Talnalykill í okt/nóv	Talnalykill í apríl/maí	Hækkun í %
2014 - 2015	60,44%	80,77%	20,33%
2015 - 2016	52,31%	92,31%	40%
2016 - 2017	67,69%	94,67%	26,98%
2017-2018	71,57%	93,46%	21,89%
2018-2019	76,92%	82,05%	5,13%
2019-2020	62,23%	82,98%	20,75%

Viðmið að vori 90%

Talnalykill í 6. bekk - niðurstaða árganga

	Talnalykill í okt/nóv	Talnalykill í apríl/maí	Hækkun í %
2014 - 2015	57,37%	76,10%	18,37%
2015 - 2016	63,06%	80,57%	17,51%
2016 - 2017	65,71%	83,33%	17,62%
2017-2018	65,33%	75,88%	10,55%
2018-2019	72,10%	76,97%	4,9%

2019-2020	73,33%	80,11%	6,78%
-----------	--------	--------	-------

Viðmið 85% að vori

4.5. Mat kennara á skólastarfinu

Vorið 2020 unnu kennarar saman í hópum að því að greina hvað hafi tekist vel í starfi Grunnskóla Reyðarfjarðar, og hvað starfsmenn vildu taka með sér inn í starfið næsta vetur sérstaklega eftir Covid tímann.

Það sem okkur hefur tekist vel til með í starfi Grunnskóla Reyðarfjarðar í vetur og á Covid tímanum.

- Allir vinna saman
- Samheldinn og skemmtilegur hópur.
- Jákvæður andi meðal starfsfólks og hjálpsemi. Við megum gera mistök.
- Skólabragurinn er góður.
- Við erum lausnamiðuð, engin vandamál, bara verkefni til að leysa.
- Leysum vel þau verkefni sem við tökum að okkur.
- Reynum að mæta nemendum á þeirra forsendum.
- Grípum inn í vandamál nemenda og hjálpum þeim að finna lausnir.
- Fjölbreyttir kennsluhættir.
- Skapandi nemendur sem fá að njóta hæfileika sinna.
- Þemastarf sem frumkvöðlastarf.
- Breyttum ýmsu skipulagi á Covid tímanum t.d. í matsal og á göngum.
- Inngangur fyrir unglinga í gegnum bókasafn
- Tókum á móti nemendum að morgni og allir fara beint í sínar heimastofur.
- Erum dugleg að fylgjast með og endurmennta okkur.
- Skólalóðin er orðin skemmtilegri
- Gengur vel að framfylgja símabanni.
- Gengur vel að taka á móti nýbúum.
- Kennarar fengu i- pada til nota í kennslu.
- Mjög skemmtilegir þemadagar, Harry Potter
- Bættum við pool borði á unglingang

Það sem hefur ekki gengið eins vel:

- Skil á heimanámi misjöfn.
- Upplifum að við séum að draga úr námskröfum
- Áhættuhegðun og vanlíðan nemenda hefur aukist.
- Að hafa aðgang að fjölbreyttri utanaðkomandi faglegri aðstoð.
- Lélegt netsamband, er komið í vinnslu og áætlað að það verði orðið gott haust 2020.
- Of stórir hópar í smiðjum
- Endurnýjun á tölvum fyrir starfsfólk er í vinnslu, eiga að koma nýjar tölvur í haust 2020.
- Umgengni nemenda á eigum skólann

Það sem við ætlum að gera næsta vetur til að gera starfið enn betra:

- Opna skólann kl. 7:45
- Vera með mismundandi innganga eftir bekkjum, t.d. nýta ingang á tónlistargangi.
- Taka á móti nemendum og þeir fara beint í heimastofur
- Allir bekkir með sitt salerni
- Passau upp á handþvott
- Takmarka aðgang forráðamanna að kennslustundum, byrja hjá ritara.
- Í unglingadeild kennarar fara á milli kennslustofa, hver bekkur með sína umsjónarstofu
- Virkja betur umsjónarmenn í bekkjum
- Nýta vel samráðstíma, árgangafundi ofl. til að læra hvert af öðru.
- Flétta vistspor og umhverfisvernd inn í allar greinar.
- Lesskilningur.
- Nýta tölvur og i-pada enn betur eftir innleiðingu.
- Auka teymisvinnu
- Minnka pappírsmenningu.
- Þurfum að bæta aðstöðu stuðningsfulltrúa og annarra starfsmanna.
- Kenna þarf nýliðum betur á Mentor strax í upphafi skólaárs.
- Innleiða Austurlandslíkanið í barna- og fjölskyldumálum, þessi vinna er komin vel á veg og á að innleiða haustið 2020.
- Vera vel vakandi og tilkynna fyrir til barnaverndar.
- Hafa gaman saman.
- Ganga vel um starfsaðstöðu okkar.
- Bæta við heimanámstímum
- Halda áfram með vinaliða (Allir með) í fríminútum
- Gefa nemendum aukið frelsi við skil á verkefnum
- Halda áfram að kenna um nánasta umhverfi
- Vera dugleg að nýta okkur tækni í kennslu t.d. Classroom, Seesaw, Osmo og forritun

5. LOKAORÐ

Markmið innra mats

Samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2013 er „Mat á skólastarfi liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda

séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.“(28)

Samkvæmt Skólanámskrá Grunnskóla Reyðarfjarðar er „Tilgangurinn með innra mati skóla að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og er formlegt og opinbert sjálfsmat gott tæki skólans til að gera innra starf markvissara í þágu nemenda, starfsmanna og foreldra.” (8)

Tilgangurinn með innra mati skóla er því að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og gerir það skólanum kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati á því hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Það er óhætt, að mati þeirra er skipa sjálfsmatshóp, að segja að þær kannanir sem lagðar hafa verið fyrir nemendur og foreldra bendi til þess að metnaðarfullt starf sé unnið í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Það er þó ekkert launungarmál að alltaf er hægt að gera betur og verður áfram unnið markvisst að umbótarstarfi við skólann.

Reyðarfirði júní 2020
Fyrir hönd sjálfsmatshóps
Díana Ívarsdóttir
aðstoðarskólastjóri

6. Fylgiskjöl

6.1. Fylgiskjal 1

Langtímaáætlun um innra mat Grunnskóla Reyðarfjarðar

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Nám og kennsla:				
Niðurstöður prófa og skimana.	x	x	x	x
Námsumhverfi og skipulag náms (Nemendkönnun).		x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu.	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund (Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Skóli án aðgreiningar.	x	x	x	x
Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (Fjarðabyggð)		x		x
Stjórnun og skipulag:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans (Fjarðabyggð)		x		x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Skólaþróun og starfsþróun		x		x
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x
Skólabragur:				
Viðmót og menning (Olweus og Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Velferð og líðan nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla (Foreldrakönnun Skólapúlsinn)	x		x	
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x

6.2. Fylgiskjal 2

Skimunaráætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar 2019 – 2020

Bekkur	haustönn	miðönn	vorönn
1.	Lesferill - Lesskimun - okt. Læsi, lestrarskimun, 4. - 15. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 3. - 14. feb.	Lesferill, lesfimi - maí Læsi, lestrarskimun, 1. - 17. apríl
2.	Lesferill, lesfimi september Læsi, lestrarskimun, 4. - 15. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 3. - 14. feb.	Lesferill, lesfimi - maí Lesmál, mat á lestri og réttr, 1. - 17. apríl
3.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining - 5. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Logos, 15. - 17. jan.	Lesferill, lesfimi - maí
4.	Lesferill, lesfimi - september Samræmt próf, ísl/stærðfr. 26. - 27. sept	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí
5.	Lesferill, lesfimi og hliðarpróf - september Orðarún, lestur/lesskilningur - 1. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 4. - 8. maí
6.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining, 17. - 18. okt. Logos, 17. - 18. okt. Orðarún, lestur/lesskilningur - 1. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 4. - 8. maí
7.	Lesferill, lesfimi - september Samræmt próf, ísl/stærðfr. 19. - 20. sept Orðarún, lestur/lesskilningur - 1. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 4. - 8. maí
8.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur - 1. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 6. - 10. maí

9.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 4. - 6. sept.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Samr. próf, ísl./stærðfr./enska - 10.-12. mars
10.	Lesferill, lesfimi - september	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí

6.3. Fylgiskjal 3

Bættur námsárangur

Verkáætlun veturinn 2019-2020

Markmið:

- Að bæta námsárangur
- Að nýta betur niðurstöður úr skimunum
- Að auka samstarf starfsfólks í teyllum
- Að auka ábyrgð nemenda

Leiðir:

Verkefni	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímasetning
Sumarlestur	Að hvetja nemendur til að lesa heima um sumarið	Umsjónarkennarar Foreldrar	Sumar 2019
Unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár	Unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og GR í Mentor.	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar	Ágúst 2019
Unnið áfram samkvæmt Byrjendalæsi í 1. – 4. bekk.	Viðhalda Byrjendalæsi á yngstu stigum með nýjum kennurum. Lestrargeta nemenda er styrkt með fjölbreyttum kennslu-háttum.	Skólastjóri Deildarstjóri sérkennslu Umsjónarkennarar	Ágúst 2019 Lifandi verkefni
Unnið áfram samkvæmt Orð af orði á mið- og unglingastigi.	Kennarar vinna áfram eftir þessari kennsluaðferð þar sem málvitund nemenda er styrkt með fjölbreyttum kennsluháttum.	Skólastjóri Umsjónarkennarar	Ágúst 2018 Lifandi verkefni

Áfram lögð áhersla á lestur í öllum bekkjum.	Nemendum gefinn tími til að lesa í skólanum og áhersla lögð á heimalestur. Umsjónarkennarar fylgi því vel eftir að heimalestur verði markviss.	Umsjónarkennarar Foreldrar	Ágúst 2019
Bættur lesskilningur	Áhersla lögð á fjölbreytt lesskilningsverkefni	Umsjónarkennarar	Veturinn 2019-2020
Auka orðaforða nemenda	Allir komi að því að auka orðaforða nemenda með margvíslegum og gjarnan myndrænum hætti sbr. Orðaveggur, orðaforði vikunar fyrir alla árganga.	Allir starfsmenn	Veturinn 2019-2020
Lestrarvinir	Leitað áfram til aðila utan skólans og innan um að koma og hlusta á nemendur lesa og/eða lesa fyrir nemendur. Útbúa skráningarkerfi yfir lestrarvini.	Deildarstjóri sérkennslu Umsjónarkennarar	September 2019
Teymisfundir kennara	Viðhalda og styrkja faglega umræðu og samstarf með það að markmiði að bæta lærdómsumhverfi allra í skólanum, bæði nemenda og starfsmanna og nýta fagþekkingu kennara sem allra best.	Skólastjórnendur	September 2019
Niðurstöður hraðaprófa í lestri og fleiri skimana sett upp á skýran hátt t.d. í súlurit. Sett upp fyrir bekkinn og líka fyrir hvern nemanda svo hann geti borið saman sinn árangur.	Að hafa niðurstöður skimana skýrar og auðgreinanlegar. Að auka yfirsýn nemenda og foreldra á stöðu nemandans í lestri og stærðfræði miðað við markmið annararinnar og auka þannig þátttöku og ábyrgð allra aðila á því að bæta árangur.	Deildarstjóri sérkennslu Sérkennari Umsjónarkennarar Kennsluráðgjafi Skólaskrifstofunnar	Ágúst 2019 og lok hverrar annar.
Skimunaráætlun endurskoðuð með hliðsjón af skimunaráætlun Skólaskrifstofu Austurlands.	Fá gott yfirlit yfir námsstöðu nemenda í öllum árgöngum og nýta þær til markvissrar vinnu og umbóta.	Deildarstjóri sérkennslu	Ágúst 2019
Aðgerðaáætlun í kjölfar skimana	Að til sé nákvæm áætlun um hvernig brugðist verði við niðurstöðum skimana.	Skólastjórnendur	Veturinn 2019-2020

Festa Læsisstefnu Grunnskóla Reyðarfjarðar í sessi	Vinna markvisst með læsisstefnuna á teymisfundum.	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar	Ágúst 2018
Starfsdagar í upphafi nýrrar annar	Kennarateymi komi saman og ígrundi hæfniviðmið annarinnar, meti hvað hafi gengið vel og hverju á að breyta.	Skólastjórnendur	Upphaf hvernar annar.
Samræmd próf	Niðurstöður ígrundaðar og unnin verkáætlun í framhaldi af niðurstöðum	Umsjónarkennar Faggreinakennarar Skólastjórnendur	Október 2018 og Apríl 2019